

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júní 2009 02-2009060198

T-ums 28/09


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja - 49. mál, þskj. 49.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 18. júní 2009 mótttekið bréf yðar dags. 16. sama mánaðar þar sem embættinu er veittur kostur á að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja - 49. mál, þskj. 49.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármálaráðherra að framkvæma nauðsynlegar afskriftir af lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. Þá er lagt til að afskriftirnar nemi að minnsta kosti 20% af höfuðstól láns og að þeim skuli lokið 1. ágúst nk.

Það er mat ríkisskattstjóra að gæta verði vel að jafnræðis- og samræmissjónarmiðum þegar meta á hvort sú leið sem lögð er til í tillögunni sé raunhæf. Þá leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að tekjuhugtak laga nr. 90/2003 er afar viðtækt og er meginreglan sú að greiða skuli tekjuskatt af öllum tekjum. Í 3. tölul. 28. gr. laganna er að finna undantekningu frá þessari meginreglu þar sem fram kemur að eignauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamning eða nauðasamning um greiðsluaðlögun sbr. X. kafla á í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., teljist ekki til skattskyldra tekna. Undantekningu þessa ber að skýra í samræmi við orðanna hljóðan. Að óbreyttum lögum yrði afskrift skulda eins og lagt er til með tillögu þeirri sem hér er til umsagnar leiða til þess að skattskyldar tekjur myndist hjá þeim sem slíkra afskrifta njóta.

Virðingarfyllst

  
Guðrún J. Jónsdóttir

  
Skúli Eggert Þorðarson